

Áreiðanleiki hviðuspáa í Harmonie-Arome líkaninu, fylgni spáa, viðvarana og mælinga.

Elín Björk Jónasdóttir og Ingibjörg Jóhannesdóttir

Eftirlits og spásvið Veðurstofu Íslands.

Yfirlit

Öræfajökull er afgerandi stýriþáttur í vindátt, vindhraða og vindhviðum í Öræfum. Þjóðvegi 1 um Öræfi er oft á tíðum lokað vegna þess að veðurspár gera ráð fyrir miklum sviptivindum eða háum vindhraða þvert á veg. Þar sem líkönum reynist oft á tíðum erfitt að herma vind við há og brött fjöll er markmið í þessu verkefni að bera hviðuspár í misþéttu reiknineti saman við mælingar á þeim veðurathugunarstöðvum sem eru í nágrenninu sem og atvikalista Vegagerðarinnar og Landsbjargar til að meta áreiðanleika hviðuspáa og fylgni þeirra við mælingar.

Tilgangur og markmið verkefnisins

Viðvaranir og lokanir á þjóðvegi 1 um Öræfi eru algengari en víðast hvar annars staðar á landinu. Með því að bera saman spár, viðvaranir og veðurmælingar úr mælum Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar á nálægum svæðum, og nýta einnig aðrar upplýsingar s.s. atvikaskrár og fréttir má greina aðstæður þar sem spár ganga vel eftir, og einnig þær aðstæður þar sem veðurspár og viðvaranir ganga ekki eftir.

Veðurstofa Íslands hefur í nokkur ár reiknað veðurspár í 2,5 km reiknineti yfir landinu og miðunum. Viðvaranir vegna vinds og úrkomu eru gefnar út í litakvörðuðu viðvörunarkerfi þar sem áhrifamætti veðurs á samfélagið er metið. Viðvörunarkerfinu hefur verið vel tekið, en spásvæðin eru stór og því brýnt að skoða hvernig er hægt að gera viðvaranir og spár hnitmiðaðri, bæði í tíma og rúmi.

Fyrir á þessu ári hófust tilraunakeyrlur þar sem veðurspár eru reiknaðar í enn hærri upplausn yfir landinu. Fyrstu niðurstöður benda til þess að hærri upplausn veðurlíkana bæti vindaspár og viðvaranir. Með því að bæta upplausn verður því auðveldara um vik að gera viðvaranir og spár fyrir smærri svæðið og á minni tímaskala. Hnitmiðaðar veðurspár, bæði í tíma og rúmi bæta þjónustu við viðbragðsaðila, almenning og ferðamenn til mikilla muna.